



Skipulagsstofnun

Veritas lögmann
Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.
Borgartún 28
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2016
Tilvísun: 201604069

Efni: Ákvörðun vegna beiðni um endurskoðun matsskýrslu fyrir Hringveg um Hornafjörð

Hinn 25. apríl 2016 barst Skipulagsstofnun erindi dags. sama dag frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni, hrl., fyrir hönd Eiríks Egilssonar, Ásgeirs Núpan Ágústssonar og Bjarna Hákonarsonar þar sem óskað er eftir að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort endurskoða þurfi matsskýrslu vegna Hringvegar um Hornafjarðarfljót, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (hér eftir nefnd matslögin).

Um er að ræða mat á umhverfisáhrifum Hringvegar um Hornafjörð, en matsferli framkvæmdarinnar lauk með álti Skipulagsstofnunar 7. ágúst 2009.

Í erindinu er vísað til 2. mgr. 12. gr. matslaganna, en ekki vikið að 1. mgr. sömu greinar. Að mati Skipulagsstofnunar verður að gæta innra samræmis milli þessara málsgreina þannig að túlka og beita beri ákvæði 2. mgr. með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. Til stuðnings þessum lagaskilningi bendir stofnunin á að í 2. mgr. er sérstaklega vísað til ákvæðis 1. mgr.

Í 1. mgr. 12. gr. matslaganna er mælt fyrir um að ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir skuli viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um það hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Samkvæmt þessu ákvæði þurfa að vera liðin tíu ár frá því að álit Skipulagsstofnunar lá fyrir.

Þar sem álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við Hringveg um Hornafjörð var kynnt 7. ágúst 2009 er ofangreint efnisskilyrði í 1 mgr. 12. gr. matslaganna ekki uppfyllt.

Með hliðsjón af framangreindu er það ákvörðun Skipulagsstofnunar að vísa frá beiðni umræddra landeigenda um endurskoðun matsskýrslu vegna framkvæmda Vegagerðarinnar við Hringveg um Hornafjarðarfljót.

Ákvörðunin er kæranleg til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kærufrestur er þrír mánuðir, sbr. 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að kæruheimild í 1. mgr. 14. gr. matslaganna eigi ekki við þar sem hún miðast við að stofnunin hafi tekið efnislega ákvörðun um það hvort endurskoða beri matsskýrslu í heild eða að hluta.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Ottó Björgvin Óskarsson

Afrit:
Vegagerðin